

# Tilboðsvika í Hafinu


17. - 21. nóvember



Porskur í basil og hvítlauk  
1490 kr. kg.



★ Fiskibollur  
890 kr. kg.



Ýsuréttir í sósum  
1490 kr. kg.



Hlíðasmára 8 og Spönginni 13 [facebook](#)

15. NÓVEMBER 2014 • 42. tölublað 5. árgangur

# REYKJAVÍK

VÍKUBLAÐ



„Menntun, reynsla, óreglulegur vinnutími og stöðugar æfingar meðfram kennslu - allt er þetta lítills metið. Við fáum ekki hærra kaup. Mér var sagt síðast í vikunni af bæjarstjóra Mosfellsbæjar að ég ætti að leggja meira á mig til þess að fá hærra kaup,“ segir Kristín Lárusdóttir, sellóleikari og tónlistarkennari í verkfalli. *Sjá bls. 8.*

40 karlmenn ákærðir fyrir vændiskaup:

## Ríkissaksóknari krefst opinna réttarhalda

Ríkissaksóknari hefur krafist þess af héraðsdómi Reykjavíkur að réttarhöld í málum 40 manna sem ákærðir hafa verið fyrir vændiskaup verði haldin fyrir opnum tjöldum. Samkvæmt

dagskrá dómstólsins átti að þingfesta 40 ákæru í vændiskaupamálum í gær.

Þegar Reykjavík vikublað spurðist fyrir um réttarhöldin hjá héraðsdómi í upphafi vikunnar fengust þau svör að þau yrðu

lokuð. Í framhaldinu krafðist Reykjavík vikublað þess að svo yrði ekki. Dómsstjóri hefur tekið sér frest til þriðjudags til að úrskurða um kröfu saksóknara, en vísaði kröfu Reykjavíkur vikublaðs frá dómi. Eftir því sem næst verður komist hefur embættið áður gert athugasemdir við að réttarhöld í málum vændiskaupenda hafi verið lokuð, en ekki kært slíka ráðstöfun fyrir en nú.

*Sjá bls. 2.*

hönnun • umbrot • auglýsingar • prentun

Nafnspjöld • Boðskort • Bæklingar • Bréfsémi  
Litaljósritun • Ritgerðir • Plastkort • Prentun • Reikningar  
Skýrslur • Fasteignaauglýsingar • Dreifibréf o.fl. o.fl.

**FRUM** ...góður punktur  
Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is

## Múr og Flísar ehf.

Öll múrvinna - fagmennska í fyrirrrúmi

flísalagnir  
múrverk  
húsviðgerðir  
steining

flotun  
anhydrit-ilagnir  
perlu-ilögn  
sand-ilögn

lögiltur meistari - sími 8972681 - murogflisar.is

**hús & heilsa**

Fyrsta fyrirtækið á Íslandi  
Fagmennska og vísindi

Rannsóknir og ráðgjöf vegna raka og myglu

HVERNIG ER ÁSTANDIÐ Á ÞÍNU  
HEIMILI EÐA VINNUSTAÐ?

Ástandsskoðun • kaup • sala  
rakamæling • sýnataka • loftgæðamælingar

www.husogheilsa.is hh@husogheilsa.is s: 695 0525

## Rafstilling ehf.

startarar - alternatorar - perur  
viðgerðir - sala  
hröð og góð þjónusta  
Dugguvogi 23 - s: 5814991  
rafstilling@rafstilling.is



**Valhöll**  
er komin aftur!  
Ótrúlegt verð á millistífri heilsudýnu

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi,  
gæðabólstrun, góð nýting á svefnflötum.  
Hægt að snúa.



**20%**  
afsláttur af  
lökum og  
hlífðardýnum  
við dýnukaup.

Fimm stjörnu verslun

**Svefn & heilsa**  
★★★★★


Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð

12 mán.  
vaxtalauser  
greiðslur\*

\*3-5% lántökugjald



**Verðdæmi:**  
Með PU leðurbotni  
og eikarfótum stgr.

Stærð	Verð
100x200	74.900 kr.
120x200	79.900 kr.
140x200	89.900 kr.
160x200	104.900 kr.
180x200	114.900 kr.



## „Kostar bara tafir“

Þetta var þeirra ákvörðun, þen ekki endanleg efnisleg ákvörðun,“ segir Björn Halldórsson, framkvæmdastjóri Sorpu, í samtali við Reykavík vikublað. Kærunefnd útbodsmála stöðvaði á dögnum samning Sorpu við danska fyrirtækið Aiken A/S um þriggja milljarða króna gas- og jarðgerðarstöð. Til stóð að ganga til samninga án útbods en þetta var kært.

„Nú er unnið að því að afla frekari gagna,“ segir Björn Halldórsson og bætir því við að skoðanir Sorpu á málinu séu augljóslega aðrar en þeirra sem kærðu samninginn. Um hvaða afleiðingar ákvörðun kærunefndarinnar hafi segir Björn: „Þetta kostar bara tafir.“

Hann segir Sorpu hafa talið sig vera í fullum rétti með því að semja án útbods og hefði talið það fullnæg-



Björn Halldórsson.

andi að birta tilkynningu um það á útbodsvef ESB. „Við töldum að þetta myndi duga ef einhver vildi gera við þetta athugasemd.“

Björn segir að staða málsins hafi verið kynnt fyrir stjórn Sorpu, en þar á Reykjavík fulltrúa og mest atkvæðavægi.

Kærur vegna réttarhalda í vændismálum:

## Dómari vill lokuð réttarhöld

Embætti Ríkissaksóknara krafðist þess fyrir héraðsdómi Reykjavíkur í gærmorgun að réttarhöld yfir 40 mönnum sem ákærðir hafa verið fyrir kaup á vændi, verði haldin í heyranda hljóði.

Meginregla í íslensku réttarferli er að réttarhöld séu haldin í heyranda hljóði, en öll réttarhöld í vændis kaupmálum hafa verið lokuð, samkvæmt ákvörðun dómara.

Gyða Ragnheiður Bergsdóttir, aðstoðarmaður dómara, dæmir málin sem nú eru fyrir dómi. Hún tjáði Reykjavík vikublaði að réttarhöldin yrðu lokuð en vísaði til Ingimundar Einarssonar, dómsstjóra, þegar spurt var hvers vegna. Hann tjáði blaðinu að opin réttarhöld væru meginreglan. Hins vegar væru heimildir í lögum til að gera undantekningar. Meðal annars til að hlífa sakborningi, brotaþola, vandamanni þeirra, vitni eða öðrum sem málið varðar, eða af velsæmisástæðum, svo dæmi séu tekin. Þá væru réttarhöld í kynferðisbrotamálum ávallt lokuð.

Dómsstjóri tók sér frest til þriðjuddags til að fjalla um kröfu Ríkissak-

sóknara og var vændis kaupamálunum frestað þess vegna. Kröfu Reykjavíkur vikublaðs um að réttarhöldin yrðu opin var hins vegar vísað frá dómi.

### Farin úr landi

Ríkissaksóknari tilkynnti fyrir skömmu að sér hefðu borist 64 vændis kaupamál frá lögreglunni á Suðurnesjum. 40 voru ákærðir. Í tilkynningu embættisins er bent á að hver sem greiði eða heiti greiðslu fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári.

Eftir því sem Reykjavík vikublað kemst næst, eru mennirnir grunaðir um að hafa keypt vændi af sömu stúlkunni. Vændis kaupin munu hafa orðið á stuttu tímabili. Reykjavík vikublaði er sagt að stúlkán sé farin úr landi.

### Tugir dóma

Nokkrir tugir dóma hafa fallið í vændis kaupmálum hérlendis, frá því að lög sem banna kaup á vændi tóku gildi. Flestir munu hafa játað brot sín og verið sakfelldir. Sektir hafa numið á bilinu 80-120 þúsund krónur.

Fjórir dómur héraðsdóms hafa verið birtir þar sem eingöngu hefur verið

Hæstiréttur hefur einu sinni neitað því að fjalla efnislega um kröfu blaðamanns um að réttarhöld í vændis kaupmálum væru opin og klotnaði rétturinn í þeirri afstöðu. Það var árið 2010, þegar Halla Gunnarsdóttir óskaði eftir því, sem almennur borgari, blaðamaður og talskona Fémínistafélags Íslands, að réttarhöldin yrðu opin. Jón Steinar Gunnlaugsson og Viðar Már Matthíasson vísuðu málinu frá Hæstarétti þar sem hún væri almennur borgari og ekki hagsmunaaðili.

Hjördís Hákonardóttir taldi hins vegar að taka ætti kröfuna til efnis meðferðar. Leggja yrði til grundvallar að Halla væri blaðamaður og hefði þannig hagsmuni „í krafti þeirrar skyldu sinnar að upplýsa almenning um meðferð og framgang dómsmála“. Þessi mál voruðuð einnig samfélagslega hagsmuni sem kæmu Fémínistafélaginu við.

fjallað um vændis kaup. Tveir sektardómar og tveir sýknuðómar. Réttarhöld í öllum þessum málum hafa verið lokuð.



Hugmyndir um orkuvinnslu í Krýsuvík:

## Andvana viðræður

Mér sýnist að HS Orka sé núna að reyna að halda lífi í andvana viðræðum við bæjaryfirvöld í Hafnarfirði sem hingað til hafa ekki verið neitt sérstaklega spennt fyrir virkjunum í Krýsuvík,“ segir Ellert Grétarsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Suðvesturlands.

HS Orka hefur nýlega óskað eftir því að viðræðum við Hafnarfjarðarbæ um hugsanlegar virkjanir í Krýsuvík verði haldið áfram og hafa bæjaryfirvöld fallist á það.

Ellert segir að virkjanir á Krýsuvíkursvæðinu hafi átt að vera uppi-

staðan í orkuöflun fyrir álver í Helgúvík. „En núna þegar það er út úr myndinni sé ég ekki hvað mönnum liggur á að virkja á svæðinu.“

### Náttúruperla eða iðnaðarsvæði?

Ellert bendir á að Krýsuvík sé náttúruperla og gríðarlega vinsæl sem útivistarsvæði. Það sé í miklu uppáhaldi hjá mörgum Hafnfirðingum og fleirum, sem séu alfarið á móti því að því verði breytt í iðnaðarsvæði. „Þá er ferðaþjónustan, okkar

stærsta atvinnugrein, að nýta svæðið til skoðunarferða en í Seltún koma að meðaltali eitt þúsund manns á dag yfir sumarmánuðina. Í því felast margvísleg tækifæri. Ég tel að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði verði að horfa í þessa þætti á undan hagsmunum Ross Beaty. Forstjóri HS Orku sagði í viðtali við Víkurfréttir fyrir nokkrum mánuðum að náttúran ætti að vera í öndvegi og auðlindin væri ekki ótakmörkuð. Ef hann vill láta taka mark á sér ætti HS Orka að láta Krýsuvík vera,“ segir Ellert Grétarsson.

## Framtíðin í körfunni

Körfuknattleiksdeild Fjölnis í Grafarvogi hélt dögnum stórmót í körfu fyrir krakka sem fædd eru 2003 og síðar. Fjöldi krakka

tók þátt í mótinu sem haldið var í Rimaskóla og Íþróttahúsi Grafarvogs. Mótið var hið sextánda í röðinni og þótti takast mjög vel.



## Gengu gegn einelti

Krakkar úr Hólabrekkuskóla, ásamt leikskólabornum af þremur leikskólum í hverfinu, gengu á dögnum gegn einelti og hvöttu til vinsamlegra sam-

skipta. Þau afhentu borgarstjóra við þetta tækifæri sáttmála gegn einelti sem 1500 börn, foreldrar og aðrir íbúar hverfisins höfðu skrifað undir.

## Heldur enn trúnað við Gísla Frey

Ólafur Stephensen, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins, vill ekki tjá sig um hvort Fréttablaðið hafi undir sinni stjórn flutt rangar eða villandi fréttir í lekamálinu. Þetta gerir hann vegna trúnaðar við heimildarmann. Lekamálið upphófst með því að Gísli Frey Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður Hönnu Birnu Krist-

jánsdóttur, innanríkisráðherra, kom minnisblaði um hælisleitanda í hendur Fréttablaðsins og Morgunblaðsins. Ýmsar fréttir voru sagðar af málinu, til að mynda fréttir sem byggðu á fréttatilkynningum ráðuneytisins eða yfirlýsingum, sem nú blasir við að voru ekki réttar.

Sjá bls. 10-11.



Ari Matthíasson.

Þjóðleikhúsið:

## Ari ráðinn

Ari Matthíasson hefur verið Askipaður í embætti Þjóðleikhússtjóra til næstu fimm ára. Tilkynnt var um skipanina í gærmorgun. Í fréttatilkynningu segir að ráðherra hafi tekið tillit til álits Þjóðleikhúsráðs og viðtala við umrækjendur við ákvörðun sína.

Ari hefur starfað sem framkvæmdastjóri Þjóðleikhússins frá árinu 2010. Hann er leikari að mennt og hefur auk þess lokið MBA prófi í rekstrarhagfræði. Hann starfaði sem leikari og leikstjóri frá árinu 1991 og við fleira.

# .IS

skráðu þitt .is lén  
www.isnic.is



New  
Store  
Opening

Fylgstu með á facebook-  
Lindex Iceland



OPNUM Í  
DAG  
KL. 12:00  
Í KRINGLUNNI

LINDEX



## LEIÐARI

Fréttavika  
... og þó

Ekki skorti fréttir í þessari viku. Játninguna í lekamálinu bar hæst og undarleg viðbrögð forystumanna í Sjálfstæðisflokknum og formanns Framsóknarflokksins einnig. Að minnsta kosti undrast margir að þingflokkur sjálfstæðisanna lýsi eindregnum stuðningi við innanríkisráðherra á þingflokksfundum, en að síðan lýsi sömu þingmenn allt annarri afstöðu við fréttamenn daginn eftir, reyndar þá í skjóli nafnleyndar. En það var auðvitað fleira.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í skuldamálu fasteignaeigenda voru skiljanlega fyrirferðarmiklar einnig. Þar vakti í fréttatímum eina mesta athygli framganga forsætisráðherra sem ekki virðist geta rætt um nokkurt mál skætinglaust.

Flest var þetta samt meira eða minna endurtekið efni. Raunar margendurtekið. Aðgerðin er gagnrýnd af ýmsum réttmætum ástæðum og gagnrýnendur eru úthrópaðir fyrir vanþakklæti og ólund. Ákaflega málefnalegt allt saman eins og við erum farin að venjast af hálfu stjórnarliða.

Þannig var í vikunni greint ítarlega frá umræðum á Alþingi um skýrslu forsætisráðherra um þessar ráðstafanir.

Stjórnarandstaðan segir. Ríkisstjórnin segir. Fjölmíðlum virðist samt hafa skotist yfir einu nýju fréttina í þessu öllu saman. Mér sást yfir hana líka. Þangað til þessi orð voru sett á blað í gærmorgun. Það var ræða fyrrverandi fjármálaráðherra í þessari umræðu.

Gefum Steingrími J. Sigfússyni orðið:

„Í öðru lagi, herra forseti, vil ég nefna það að við höfum heyrt af því, fengið af því fréttir að það eigi að flýta framkvæmd þessarar aðgerðar í þeim skilningi að það eigi að borga hraðar úr ríkissjóði fé inn á biðlánin eða leiðréttingarhluta lánanna sem færður verður á sérstaka reikninga, jafnvel 40 milljarða strax á þessu ári. Fyrir því er ekki fjárheimild. Það var lögð á það rík áhersla hér í fyrra af aðstandendum aðgerðarinnar að þetta væri alltaf háð fjárheimildum frá Alþingi á hverju ári og aðgerðin byggð á því.“

Þetta er mjög merkilegt og ljóst að þetta þarfnast skoðunar og skýringa af hálfu þeirra sem nú halda tímabundið um stjórnartauma.

En Steingrímur var ekki búinn:

„Síðan er okkur sagt að batnandi afkoma ríkisins í ár eigi að réttlæta þetta, því að það verði svo mikill afgangur á ríkissjóði. Hvernig á að mynda þann afgang að stærstum hluta? Með því að lækka eigið fé Seðlabanka Íslands og færa það sem arðgreiðslu í ríkissjóð. Það á að skila 26 milljörðum. En þessi ráðstöfun er ekki heimil samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands, þannig að það vantar líka lagastof fyrir því að gera ríkið upp á þennan hátt á þessu ári. Ég fæ því ekki betur séð en að það vanti lögheimildir í tvennum tilvikum til þess að réttlætlegt sé að reikna aðgerðirnar út á þeim grunni að minna af 80 milljörðum fari í vaxtakostnað og meira í niðurfærslu höfuðstóls.“

Hvert er þá fjárveitinga- og fjárfjárstjórnarvald Alþingis farið og lagasetningarvald? Undir þessa spurningu má taka.

Ingimar Karl Helgason

## Uppbygging félagslegra leiguíbúða í Reykjavík

Sífelld fleiri hafa sótt um félagsleg leiguhúsnaði í Reykjavík síðustu ár. Algjör sprenging varð í umsóknum um slíkt leiguhúsnaði í kjölfar efnahagshrunsins. Við þetta lengdust biðlistar þannig að staðan er með öllu óásættanleg. Nú eru um 1.200 einstaklingar og fjölskyldur á biðlista eftir

félagslegu leiguhúsnaði í Reykjavík. Þar af teljast um 550 einstaklingar eða fjölskyldur vera í brýnni þörf.

Til að teljast í brýnni þörf eftir félagslegu leiguhúsnaði þurfa einstaklingar eða fjölskyldur að búa við mjög óviðunandi húsnaðisástand, búa inn á öðrum eða hreinlega vera á götunni.

REYKJAVÍK VIKUBLAÐ  
42. TBL. 5. ÁRGANGUR 2014

ÚTGEFANDI: Fótspor ehf. Ábyrgðarmaður: Ámundi Ámundason, sími: 824 2466, netfang: amundi@fotspor.is. Framkvæmdastjóri: Ámundi Steinar Ámundason, netfang: as@fotspor.is. Auglýsingastjóri: Ámundi Ámundason, Suðurlandsbraut 54, 108 Reykjavík. Auglýsingasími 578 1190, netfang: auglysingar@fotspor.is. Veffang: fotspor.is. Ritstjóri: Ingimar Karl Helgason, sími: 659-3442 netfang: ingimarkarhelgason@gmail.com. Blaðamaður: Atli Þór Fanndal. Netfang: atli@thorfanndal.com. Menningarblaðamaður: Hildur Björgvinsdóttir. Netfang: hildurbjorgvins@gmail.com. Matarblaðamaður: Svavar Halldórsson. Sími: 869-4940. Netfang: svavar@islenkskurmatur.is. Umbrot: Prentsníð, Prentun: Ísafoldarprentsmiðja, 50.000 eintök. Dreifing: Póst: dreifing

UMHVERFISVOTTUÐ PRENTUN



FRÍBLAÐINU ER DREIFT Í 50.000 EINTÖKUM  
Í ALLAR ÍBÚÐIR Í REYKJAVÍK.

## Ummæli með erindi:

„Ég er búinn að fylgjast með þessu þjóðfélagi í 50 ár. Þetta er ógeðslegt þjóðfélag, þetta er allt ógeðslegt. Það eru engin prinsipp, það eru engar hugsjónir, það er ekki neitt. Það er bara tækifærismennska, valdabarátta.“

- Styrmis Gunnarssonar fv. ritstjóri Morgunblaðsins í skýrslu til Rannsóknarnefndar Alþingis, 2009.



## HÉÐAN OG ÞAÐAN ...

## Hyski

Einar Káráson rithöfundur og stuðningsmaður flugvallarins í Vatnsmýri var fordæmdur og almennt niðdur þegar hann talaði um „hyski“ um afmarkaðan hóp fólks sem vill umturna skiplagsprinsippum landsmanna. Nefnilega að svipta Reykjavíkurborg skipulagsvaldi. Þetta eru sjálfsgagt upp til hópa þeir sömu og jafnan tala um lattéleþjandur afætur í 101 Reykjavík.

## Nettröll

Sirry Hallgrímsdóttir, aðstoðarmaður Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra, stökk á svipaðan vagn, en væntanlega undur merkjum forvirkra aðgerða, þegar hún fyrirfram kallaði alla „nettröll“ sem gætu átt eftir að gagnrýna glórolausa millifærslu tugmilljarða úr ríkissjóði og til sumra fasteignaeigenda.



## Hatursmenn

Og enn hjó Brynjar Nielsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, í sama knérunn, þegar hann í grein í vikunni kallaði þá „hatursmenn Sjálfstæðisflokksins“ sem spurt hafa sjálfsgaðra spurninga um afstöðu hans til afsagnar Hönnu Birnu Kristjánsdóttur.



## Hótun

„Ég vona bara að þér vegni vel og þrátt fyrir það, að þetta komi ekki illa niður á þér, sagði framsóknarþingkonan Þórunn Egilsdóttir við

listamanninn Snorra Ásmundsson, en skýrði ummælin ekki frekar.“

Vefurinn Reykvélin umorðaði ummæli þingkonunnar að hætti alvöru mafiósa. „Falleg búið, það væri synd ef eitthvað myndi koma fyrir hana.“



## Virðing

Þorsteinn Sæmundsson kom flokksystur sinni til ímyndaðrar varnar með því að kalla listamanninn „athyglisóru“. Líklega var þessu ópi ekki ætlað neitt annað en einmitt að ná athygli.

Spyrja má hvort ummæli þessa fólks verði til þess að auka virðinguna á Alþingi og stjórnárum almennt. Rithöfundurinn baðst raunar afsökunar á sínum ummælum, en myndlistarmaðurinn bætti í eins og við var að búast..

## Fótaskortur

Hér var í síðasta tölublaði fjallað um fjárukalögin og feimni við að leggja þau fram, því þau gætu sýnt ríkissjóð í mínus. Frumvop til laganna kom fram klukkustund eftir að blaðið fór í prentun og sýnir verulegan afgang á ríkissjóði. Bláinu hefur því orðið fótaskortur í þessu efni. Vonandi að stjórnvöld lendi ekki í því sama. Núverandi ríkisstjórn hefur bæði skorðið niður og aukið skuldir ríkisins. Nú hlýtur að vera hægt að nýta afganginn til að bæta í velferðarkerfið og greiða niður skuldir. Alla vega sýnir „leiðréttingin“ að nóg er til af peningum í ríkiskassanum.

## Í FRÉTTUM

## Trúverðugt?

Gísli Freyr Valdórs-son tók óvænt upp á því að játa á sig lekann í innanríkisráðuneytinu á þriðjudegi og var dæmdur fyrir á miðvikudag. Af því



telja sjálfstæðismenn að lekamálinu sé lokið og Hanna Birna Kristjánsdóttir er sögð axla ábyrgð með því að sitja áfram. Ýmsum spurningum um framgöngu ráðherra undanfarið ár er þó enn ósvarað, sem og nýjum spurningum sem vakna við hina óvæntu játningu mannsins sem í sannleiksæðum vikunnar sagðist aldrei hafa heyrt um hælisleitandann áður en minnisblaðið varð til, en gat samt bætt við það samdægurs.

## Áttu aur?

Innan um risafréttir af „leiðréttingu“ og lekamáli var áhuga-verð frétt um misskiptingu. Sýnt var í Kjarnanum að 20 einstaklingar eiga hlutabréf í skráðum félögum sem eru 26 milljarða króna virði, vel ríflega milljarður á mann. Sjálfsgagt á fólk í þessari stöðu einnig eignir í óskráðum fyrirtækjum, fasteignir og áfram mætti telja. Það vantar ekki peningar í samfélagi sem hefur efni á mörgum milljarðamæringum.



## Ræstingar

Ráðherrar ræstu tugmilljóna bílaflota í vikunni að því er Viðskipta- blaðið upplýsti. Miðað við framkomnar upplýsingar segja sumir að þar hafi gúfað upp sparnaðurinn af öðrum nýlegum ráðstöfunum.



## Valdaleysi

Tónlistarkennarar hafa verið í verkfalli í á fjórðu viku og þúsundir tónlistarnemenda að staðna. Hermt er að borgaryfirvöld í Reykjavík standi í vegi fyrir samningum og geri óraunhæfar kröfur. Sveitarstjórnir og sveitarstjórnarmenn ýmsir segjast styðja tónlistarkennara, en það virðist ekki ná eyrum þeirra eigin samninganefndar.

## Njósni Styrmis

Morgunblaðið sló því upp í vikunni að Styrmir Gunnarsson fyrrverandi ritstjóri sama blaðs njósnaði um samlanda sína og gaf sérstakar skýrslur til helstu oddvita Sjálfstæðisflokksins. Frá þessu greinir Styrmir í nýrri bók en segir þetta hafa verið „of virðulegt til að kalla njósni“. Það er áhugavert viðhorf, þar sem svona starfsemi minnir meira á kúgun í Austur-Þýskalandi en hugmyndir okkar um vestrænt lýðræðisríki. Sjálfsgagt eru ekki öll kurl komin til grafar í njósnaðu Styrmis.



Höfundur er  
Elin Oddný Sigurðardóttir,  
varaformaður Velferðarráðs  
Reykjavíkurborgar

Mikilvægt er að láta verkin tala og fylgja eftir þeim uppbyggingaráformum sem nú liggja fyrir og tryggja fjármagn til þess í samstarfi við Íbúðalánasjóð. Markviss uppbygging á félagslegu leiguhúsnaði á ekki að fela í sér gámabyggðir á iðnaðarlöðum. Það er engum til sóma, síst þeim sem bíða eftir að komast í mannsemandi húsaskjól.



# ICEWEAR OUTLET STORE

FÁKAFEN 9

VETRAR- OG ÚTIVISTARFATNAÐUR  
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR



EMIL Vattraður jakki  
með klassísku sniði.  
Verð áður: 22.900  
Verð nú: 4.990

ICEWEAR OUTLET STORE • FÁKAFEN 9 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 555 7412 • WWW.ICEWEAR.IS  
OPIÐ: MÁN. - FÖS. 10:00-18:00 • LAUGARDAGA 10:00-16:00 • SUNNUDAGA 12:00-16:00



## MENNINGIN



Nýtt íslenskt leikverk:

## Útlenski drengurinn

Leikhópurinn Glenna leikritið Útlenski drengurinn í leikstjórn Vigdísar Jakobsdóttur. Þetta er nýtt íslenskt verk eftir Þórarin Leifsson.

Verkið er gamanleikur með alvarlegum undirtóni fyrir áhorfendur frá 10 ára aldri og upp úr, segir í tilkynningu. Það fjallar um Dóra litla sem er vinsælasti strákurinn í bekknum þangað til hann er látinn taka svokallað Pítsa próf sem snýr öllu lífi hans á hvolf. Hann er sviptur grundvallarmannréttindum og látinn bíða

örlaga sinna innilokaður í myrkvaðri skólastofu. Verkið veltir upp spurningum um ríkisfang, einelti og þá tilfinningu að upplifa sig utangarðs. Útlenska drengurinn leikur Halldór Halldórsson (Dóri DNA). Aðrir leikarar eru Þorsteinn Bachmann, María Heba Þorkelsdóttir, Arndís Hrönn Egilsdóttir, Benedikt Karl Gröndal og Magnea Björk Valdimarsdóttir. Auk þeirra taka fjölmargir þátt í uppfærslunni.

Verkið verður frumsýnt í Tjarnarbíói kl. 15 á sunnudag.

## Útveitingahús í höggmyndagarði

Veitingahúsið Polka Bistro verður opnað í garði Einarssonar á Skólavörðuholti í dag. Alla jafna er hvorki veitingastað né kaffihús að finna á Listasafni Einarssonar en í dag munu þrjár pólskar konur setja upp „pop up“ veitingastað í garðinum og bjóða upp á matseðil með ýmsum réttum úr matargerðarlist heimalandsins. Veitingahúsið verður opið milli



kl 13 og 18. Í tilkynningu segir að allir séu velkomnir en fólk er bent á að klæða sig eftir veðri, enda sé þetta útveitingahús.

## Heimspekikaffi

Gunnar Hersveinn, rithöfundur, spyr: Hvernig geta vinsamleg samskipti bætt eigin heilsu og annarra? á Heimspekikaffi í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi á miðvikudaginn kemur. Hann ræðir einsemd og vinsemd auk þess sem Margrét Leifsdóttir, heilsuáhrifgjafi, fjallar um sam-



band vinsemdar og heilsufars. Dagskráin hefst kl. 20:00 miðvikudaginn 19. nóvember og eru allir velkomnir.

Bóksala hefur dregist saman um fimmtung segir félag bókaútgefanda sem óttast skattahækkun:

## Skatturinn verður hærri en höfundagreiðslan

„Verði þetta að veruleika mun ríkið fá meira í sinn hlut fyrir hverja selda kilju heldur en höfundurinn sjálfur,“ segir Bryndís Loftsdóttir, hjá Félagi íslenskra bókaútgefanda, um fyrirhugaða hækkun á neðra þrepi virðisaukaskatts úr 7 prósentum í 12.

Hú segir í viðtali við blaðið að bókin berjist hérlendis sem erlendis við aðra miðla um tíma og athygli fólks. „Bóksala hér hefur dregist saman um 19% að raunvirði frá árinu 2008, lesskilningi fer hrakandi og útgefendur eiga erfðara með að fjármagna metnaðarfull verk sem og verk fyrir smærri hópa eins og til dæmis námsbækur og barnabækur.“

Spurð um hvort mótvægisáðgerðir stjórnvalda líkt og með vörugjöld vegi ekki þarna á móti, segir hún að vörugjöldinkomi ekki beint við bækur og aðrar áðgerðir nullist út.

Bryndís segist vita að valdhafar muni gefa sér tíma til að skoða málið og hún voni að fylgt verði fordæmi Norðmanna, Færeyinga, Bretana, Íra og Grænlandinga og leggja ekki skatt á bækur. „Það er farsælasta og réttlátasta leiðin til þess að skapa gróskumikla bókaútgáfu í landi bókaþjóðarinnar í norðri. Þann heiðursess væri dýrt að missa.“

## Lítið málsvæði

Hún vísar til orða Ágústs Einarssonar, sem rannsakað hefur efnahagsþætti menningar hér á landi, að virðisaukaskattshækkun væri þrýðisaðferð til að draga úr lestri bóka og umfangi bókaútgáfu. Starfsemi útgefanda sé óvenju viðkvæm þar sem málsvæði íslenskra bóka sé smátt. „Hér ættu í raun varla að koma út bækur,“ segir Bryndís.

„Það er illskiljanleg staðreynd að hugmyndir ráðamanna um stuðning við bókaútgáfu, undirstöðuþátt þjóðar okkar, framfara hennar og sköpunar, sjálft móðurmálið, sé mögulega skattahækkun á lestur. Jafnvel að koma okkur á stall meðal þeirra örfáu þjóða sem leggja meira en 10% skatt á bækur. Það má líka velta því fyrir sér

hvers vegna leiksýningar, líkamsrækt og laxveiði séu undanþegnar skatti á meðan hugmyndir koma fram um 12% virðisaukaskatt á lestur bóka.“

## Færri titlar

Bókatiðindi, sem félag bókaútgefanda gefur út, hafa nýlega verið borin í hús í bænum. Færri titlar eru í ritinu nú en síðustu tvö árin, en Bryndís segir að þau hafi verið metár. Hún bætir því við að ekki rati allar bækur í Bókatiðindi. „Til dæmis sjáum við þar sjaldan kynningar á námsbókum. En öllum útgefendum stendur til boða að kynna nýja bókatiðla í þessu ríflega aldagamla riti og þar má að jafnaði finna nær allar vinsælustu bækur hvers árs.“

## Skáldsagnaárið

„Það ljóst að þetta eru óhemju sterkt skáldsagnarár, margir af okkar þekktustu höfundum eru með flott verk, yngri höfundar eru að styrkja sig varanlega í sessi með stórum og metnaðarfullum útgáfum og nokkrir nýir höfundar eru að stíga fram á sjónarsviðið í fyrsta sinn. Glæpasögur eru álika fyrirferðamiklar og síðustu ár en bókmenntaverk virðast vera að sækja í sig veðrið, sumar hverjar ekki síður spennandi aflestrar en okkar bestu krimmar.“

## Kortér í jól

Spurð um söluáhrif segir Bryndís að sala og útgáfa árið um kring hafi aukist. „Þó er það enn svo að salan í nóvember og desember í fyrra var lítið minni en samanlögð sala fyrstu sex mánaða sama árs. Við erum algjörlega sér á parti á heimsvísu með það hversu vel bókin heldur hér stöðu sinni sem væn og vinsæl jólagjöf. Segja má að jólabókasalan hefjist upp úr byrjun nóvember eða um svipað leyti og



Bryndís Loftsdóttir.

Bókatiðindin koma út en hún nær algjöru hámarki síðustu 10 dagana fyrir jól. Hjá mörgum er stressið hluti af stemmingunni og algengt að við biðum eftir jólaandanum áður en við getum hugsað okkur að hefja gjafainnkaupin. Hluti stemmingarinnar er líka að hitta fullt af gömlum vinum í sömu verslunarhugleiðingum og það gerist auðvitað bara korter í jól.“

## „Bókaþjóðin í norðri“

Bryndís bætir því við að Bókatiðindin séu merki um hvort tveggja, stórhug og fjölbreytni í íslenski bókaútgáfu. Það megi telja „forsendu þess að alþjóðlega göngum við enn í dag undir nafni „bókaþjóðarinnar í norðri“.“

## Merkt við

Bryndís segir að Bókatiðindum sé víðast hvar fagnað og að sjáist meðal annars á því að árlega berist Félagi bókaútgefanda fjölmargar beiðnir frá þeim sem ekki hafa fengið þau í hendur, meðal annars vegna þess að fólk hefur afþakkað fjöldaþótt. „Okkur er bæði ljúft og skylt að senda ritið til allra sem þess óska, hvar í heimi sem þeir búa. Ég minnst þess líka frá bóksalaárum mínum að algengt var að fólk kæmi með Bókatiðindin í verslanir og var þá búð að merkja inn þær bækur sem það vildi fá og fyrir hvern þær voru ætlaðar. Í einhverjum tilfellum tókum við bara við heftinu, fundum til bæurnar, pökk-uðum þeim inn og settum titilinn á gulan límmiða eða skrifuðum jafnvel á kortin þannig að viðkomandi gat svo bara sótt gjafirnar og byrjað að dreifa þeim,“ segir Bryndís Loftsdóttir hjá Félagi Bókaútgefanda.

## Er húsfélagið í lausu lofti?

Vantar óháðan aðila til að annast málefni húsfélagsins eða rekstrarfélagsins?

» Eignaumsjón er óháður fagaðili þegar kemur að rekstri húsfélaga og rekstrarfélaga – og því frábær lausn fyrir eigendur atvinnuhúsnæðis. Í okkar umsjáertu í góðum höndum - við sjáum um fjármálin, fundina, undirbúning framkvæmda og viðhalds og annarra þátta sem þarf að leysa.





# AFMÆLIS KOSTUR

## FYRIR HELGINA!



Amerískt morgunkorn í miklu úrvali



**50%**  
AFSLÁTTUR  
Laugardaginn  
15. nóvember

**Risapakki af  
Cocoa Puffs**  
Tveir pokar  
í pakka - 1 kg  
**Afmælistilboð**  
**675,- kr/pk**

Fullt verð  
~~1.349,-~~ kr/pk  
Hámark 3 pakkar á mann.  
Gildir laugardaginn 15. nóvember  
á meðan birgðir endast.

### Amerísk og öðruvísi

Kjamafæði  
**Hamborgar-  
hryggur**



kr/kg  
**1.098,-**

**Kostur**  
Kjúklinga-  
bringur



kr/kg  
**1.895,-**

**Sukhi's**  
indverskar  
sósur



Nokkrar  
tegundir  
85 gr

kr/pk  
**398,-**

Fullt verð  
~~498,-~~  
kr/pk

**20%  
AFSLÁTTUR**

**Afmælistilboð**  
Kynning á laugardag  
milli klukkan  
14.00 og 16.00

**BED HEAD**  
TIGI



Sjampó  
og næring  
2x 750 ml

kr/pk  
**3.998,-**

**Afmælis-  
tilboð**

**Kostur**  
Fulleldaðir  
kjúklingaleggir



í Buffalo og  
Barbecue sósu

kr/pk  
**598,-**

Fullt verð  
~~798,-~~  
kr/pk

**25%  
AFSLÁTTUR**

**Kostur**  
Fulleldaðir  
kjúklinga-  
vængir



í Buffalo og  
Barbecue sósu

kr/pk  
**398,-**

Fullt verð  
~~498,-~~  
kr/pk

**20%  
AFSLÁTTUR**

Risapokar  
**Snakk**  
Nokkrar  
tegundir



kr/stk  
**898,-**

**2  
FYRIR  
1**

Með fyrirvara um villur og á meðan birgðir endast. Athugið að verð geta breyst milli sendinga. Gildir laugardag og sunnudag 15. -16. nóvember 2014.

f Fylgstu með okkur á Facebook [www.facebook.com/kostur.dalvegi](http://www.facebook.com/kostur.dalvegi)

Opið alla daga frá klukkan 10.00 til 20.00

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | S: 560-2500 | [kostur@kostur.is](mailto:kostur@kostur.is) | [www.kostur.is](http://www.kostur.is)

**kostur**  
Spörum og njótum lífsins



Víða stuðningur við tónlistarskólakennara í verkfalli:

# „Ekkert annað en ferlega hallærislegt“

„Ég lýsi frati á það skilningsleysi sem virðist ríkja gagnvart tónlistarkennurum; þeirri stétt sem hlúði að okkar frábæra tónlistarfólki í æsku og á unglingsárum. Það er ekkert annað en ferlega hallærislegt að koma svona fram og ég mun minnst þessarar framkomu þegar kosið verður í næstu sveitastjórnarkosningum. Ég vona að fleiri séu sömu skoðunar,“ segir Jón Ólafsson, tónlistarmaður um verkfall tónlistarkennara.

## Á þriðja hundrað kennara

Tónlistarkennarar í Félagi tónlistarkennara hafa nú verið í verkfalli í rúmar þrjár vikur og ekki sést enn til lands í samningarviðræðum þeirra við Samband sveitarfélaga. Í Reykjavík eru kennarar í verkfalli vel á annað hundrað, en tónlistarmendur í borginni yfir þrjú þúsund. Tugir eða jafnvel á annað hundrað tónlistarkennara í nágrennasveitarfélögum eru einnig í verkfalli og nemendurnir skipta þúsundum.

## Landkyrning og gjaldeyrir

Fleiri taka í svipaðan streng. Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves hátíðarinnar sem haldin var um síðustu helgi er ómyrkur í máli: „Við Íslendingar hömpum listamönnum ekki síst tónlistarmönnum fyrir árangur þeirra á erlendri grundu. Við

tökum glöð við gjöfunum sem þeir færa okkur í formi þroska, gleði, ferðamanna, landkyrningar og gjaldeyris. En okkur virðist svona upp til hópa slétt sama um hvort þeir hafi til hnífs eða skeiðar eða hvort aðbúnaður þeim til handa sé boðlegur,“ segir Grímur.

Til framtíðar geti þetta þýtt fábreytt samfélag og gleðisnautt. „Við getum ekki alltaf bara staðið upp fyrir stéttirnar hvers verkföll snerta okkur hér og nú. Það er mikilvægt að halda úti öflugu tónlistarskólaskerfi. Það skilar okkur menningu og betri búsetuskilyrðum. Það skilar okkur líka alveg helling af peningum sem því miður virðist vera það eina sem vekur áhuga fjöldans. En við skulum fyrst og fremst hafa þetta í huga: Sjálfmynd samfélaga koðnar niður þegar menningin hverfur,“ bætir hann við.

## Besta gjöfin

„Tónlistarnám er einhver besta gjöf sem hægt er að gefa barni og ætti að vera aðgengileg öllum grunnskólabörnum. Það er deginum ljósara að tónlistarlífið í dag byggir á þeim grunni sem tón-

## Aukið vinnuframlag fyrir hærri laun?

Sveitarfélögin hafa sagt við samningaborðið að til að verða við kröfum Félags tónlistarkennara verði að koma til hagræðing á mótí. Í minnisblaði Ingu Rúnar Ólafsdóttir segir að á samningafundum hjá Ríkissáttasemjara hafi verið lagt til að vinnuframlag tónlistarkennara verði aukið á mótí launahækkunum. Að auka „sveigjanleika varðandi lengd skólaársins“. Að finna leiðir til að milda kostnaðaráhrif vegna álags vegna samkenslu og hlutanemenda. Breytingar á formi álagsgreiðslna, og einnig hafi verið viðræðar hugmyndir um að taka viðbótarlaun tónlistarkennar inn í grunnlaun.

„Við samningaborðið hefur öllum tilraunum SNS til að opna á umræðu um þessi atriði verið hafnað,“ segir í minnisblaðinu.

listarkennarar hafa lagt í gegnum tíðina.“ sagði Arna K. Einarsdóttir framkvæmdastjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands í viðtali við Reykjavík vikublað á dögunum, þegar hún var spurð um verkfall tónlistarkennar og hvort starf þeirra væri vanmetið.

## Klukkan tifar

Sú spurning vaknar hvers vegna ekki er hægt að semja, ef stór sveitarfélög eða fyrirsvarsmenn þeirra kalla eftir samningum, eins og raunin hefur verið, en það eru jú sveitarfélögin sem mynda Samband sveitarfélaganna.

„Þú veltir fyrir þér hvernig það megi vera, að þegar svo mörg sveitarfélög og/eða stofnanir og kjörnir fulltrúar þeirra taka heilshugar undir okkar sanngjörnu kröfur um launaleiðréttingu og að það sé eðlileg og réttmæt krafa að við séum á sömu launum og aðrir kennarar, eins og við vorum fyrir efnahagshrunið, hvers vegna svo illa gangi að semja,“ segir Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara í skriflegu svari við fyrirspurn blaðsins.

„Við veltum þessari spurningu líka fyrir okkur og þegar það eru meira en ellefu mánuðir síðan viðræðuáætlun var undirrituð milli aðila þá getum við ekki annað en túlkað það sem svo að þeir sem semja við okkur hafi ekki umboð til að semja við okkur á sömu

nótum og aðra kennara, að nú eigi að undanskilja okkur megin samningsmarkmiði Sambands íslenskra sveitar-



Sigrún Grendal.

félaga um jafnrétti í launasetningu,“ bætir hún við.

Það undirstriki þetta að á öllum þessum tíma, síðast á mánudag, hafi tónlistarkennurum verið „stíllt upp andspænis kröfum sem við getum ekki orðið við og öllum okkar hugmyndum hefur verið ýtt út af borðinu. Ef samningsborðið væri taflborð þá er viðhöfð ákveðin þráskák og slíkt myndu skákmenn varla leyfa sér í tafla ef notuð væri klukka. Við erum hins vegar í verkfalli og því getur það þjónað öðrum markmiðum sveitarfélaga að stilla okkur aftur og aftur upp með þeim kröfum sem þeir vita að við getum ekki orðið við, meðan klukkan tifar.“

Ekki náðist í Ingu Rún Ólafsdóttur, sviðsstjóra kjarasviðs Sambands sveitarfélaga, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Í umsögn Sambands sveitarfélaga við fjárlagafrumvarp næsta árs eru stjórnvöld hvött til þess að auka framlög til tónlistarkennslu. Í umsögn Reykjavíkurborgar er minnt á samkomulag við ríkið um tónlistarkennslu og bent á að ekki sé gert ráð fyrir viðbót þótt kjarasamningar og fjölgun tónlistarnemenda auki kostnað sveitarfélaganna.



Inga Rún Ólafsdóttir.



Grímur Atlason.



Jón Ólafsson.



Tónlistarkennarar hafa undanfarið skorað á bæjarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu að leysa deiluna.

## Hvað bjóða sveitarfélögin?

Fram kemur í minnisblaði sem Inga Rún Ólafsdóttir sendi sveitarstjórnarmönnum á dögunum að samninganefnd Sveitarfélaganna hafi gert tónlistarkennurum fjögur tilboð, sem Reykjavík vikublað birtir hér í tímaröð hér að neðan. Síðasta tilboðið var lagt fram daginn fyrir verkfall:

1. 2,8% hækkun launatöflu. Þrjár eingreiðslur á samningstímanum; 14.600 kr., 20.000 kr. og 20.000 kr. – engar efnislegar breytingar

á samningi. Viðræðuáætlun til að ræða mögulegar breytingar á kjarasamningi aðila. Gildistími samnings yrði frá 1. mars 2014 til 31. ágúst 2015.

2. 4,4% hækkun á launatöflu – engar efnislegar breytingar á samningi. Viðræðuáætlun til að ræða mögulegar breytingar á kjarasamningi aðila. Gildistími samnings yrði frá 1. mars 2014 til 31. ágúst 2015.

3. 7,5% hækkun á launatöflu á

samningstíma – litlar efnislegar breytingar en þær snéru ekki að greinum 2.1.5 og 2.1.6.4 og fólu ekki í sér tillögu um aukið kennsluframlag. Viðræðuáætlun til að ræða mögulegar breytingar á kjarasamningi aðila. Gildistími samnings yrði frá 1. mars 2014 til 31. ágúst 2015.

4. 7,5% hækkun á launatöflu – smávægilegar efnisbreytingar. Viðræðuáætlun til að ræða mögulegar breytingar á kjarasamningi aðila. Gildistími samnings yrði frá 1. mars 2014 til 31. ágúst 2015.



„Hvar sjáið þið sveigjanleikann? Að vinna á nóttunni?“ spyr Kristín Lárusdóttir.

## Á að vinna á nóttunni?

Kristín Lárusdóttir er 39 ára sellóleikari og tónlistarkennari í verkfalli. Hún hefur stundað tónlistarnám frá sex ára aldri en byrjaði á sellóinu átta ára. Hún hefur stundað kennslu frá því snemma á þrítugsaldri en var einnig mörg ár í framhaldsnámi við erlenda háskóla, í Finnlandi og Lundúnum, en í framhaldsnáminu lagði hún stund á kennslufræði samfara tónlistarnáminu.

„Ég væri ekki sellóleikari, tónlistarkennari og raftónlistarmaður í dag nema vegna þess að ég hef lagt svo ótrúlega mikið á mig í mínu námi og starfi í gegn um tíðina. Og ég veit að kollegar mínir gera slíkt hið sama.

Menntun, reynsla, óreglulegur vinnutími og stöðugar æfingar meðfram kennslu – allt er þetta lítils metið. Við fáum ekki herra kaup. Mér var sagt síðast í vikunni af bæjarstjóra Mosfellsbæjar að ég ætti að leggja meira á mig til þess að fá herra kaup. Síðan spurði aðstoðarmaður hans hvar við gætum gefið meiri sveigjanleika á mótí herra kaup. Hvar sjáið þið sveigjanleikann? Að vinna á nóttunni? Þurfum við virkilega að brjóta vinnulöggjöfina varðandi hámarks vinnutíma til að fá sæmileg laun? Er ekki hægt að sýna okkur meiri virðingu en svo?“ segir Kristín Lárusdóttir í samtali við Reykjavík vikublað.



## STÓRA *Alifugla bókin*

GLÆSILEG BÓK ÚR SMÍÐJU ÚLFARS FINNBJÖRNSSONAR

Hér er kjúklingur, kalkúnn, önd, gæs, dúfa og silkihæna í hversdags- og sparibúningi, ásamt gómsætu meðlæti, kryddpæklum og fyllingum, að ógleymdum skref fyrir skref myndum þar sem Úlfar kennir réttu handtökin.

Gullfallegar ljósmyndir eftir Karl Petersson



*Félagjöf  
sælkerans*



- Fjölbreyttar sælkerauppskriftir
- Sósur, krydd og fyllingar
- Verkun og meðferð alifugla
- Leiðbeiningar skref fyrir skref

*Úlli hefur svo sannarlega farið á flug með þessari glæsilegu bók sem ætti að nýtast öllum í eldhúsinu, jafnt áhugafólki sem fagfólki."*

Guðrún Hrund Sigurðardóttir

salka.is • Skipholti 50c • 105 Reykjavík





## UMFJÖLLUN

# Birtu rangar fréttir gegn betri vitund

Játning Gísla Freys Valdórssonar, fyrrverandi aðstoðarmanns, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur innanríkisráðherra um að hann hafi lekið og breytt gögnum um hælisleitandan Tony Omos setur fréttáflutning Morgunblaðsins og 365 miðla af málinu í nýtt ljós. Mánuðum saman hafa miðlarnir birt fréttir af yfirlýsingum ráðherra og Gísla Freys sjálfum án athugasemda - meðvitaðir um að fullyrðingarnar sem þar voru settar fram væru rangar.

## Erfið staða

„Ég held að ég kjósi að tjá mig sem minnst um þetta mál út af heimildaverndinni.“ sagði Ólafur Stephensen, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins þegar Reykjavík vikublað ræddi við hann um málið.

- Hann hefur nú játað? „Já það breytir bara eiginlega engu. Ég held að það væri voðalega hæpið að blaðra um heimildamenn aftur í tímann, jafnvel þótt þeir hafi gefið sig fram.“

- Getur þú ekki samt sem áður gefið gæðastimpil á þín störf sem ritstjóra? „Almennt talað í þessu máli þá held ég að við höfum yfirleitt bara sagt frá

því sem fólk var að gefa út í málum. Rétt eins og aðrir fjölmiðlar.“

- Er það nóg, stenst það kröfur um góða blaðamennsku og trúnað við lesendur? „Já, ég lít svo á að það sé þannig. Ef það væri ekki þannig þá gæti heimildamaðurinn ekki treyst því að njóta verndar.“

- Spurningin er raunar hvort það sé edlilegt að setja fram fullyrðingar sem ritstjórnin veit að er röng og hvort það þýði ekki að ritstjórnin taki þátt í að blekkja lesendur? „Ég er hræddur um að í praktíkinni væri erfitt að koma því fyrir án þess að - ef við ræðum þetta bara hipótetískt - í praktíkinni er erfitt

að koma því fyrir án þess að brjóta trúnaðinn.“

- Og var það svolítið staðan sem þið voruð í? „Ég er dálítið hræddur um það.“

## Siðferðisklemma

„Þetta getur nú verið ansi snúið og á þessu ýmsir fletir,“ segir Birgir Guðmundsson dósent í stjórnmálafræði við Háskólann á Akureyri beðinn um álit á.

- Leiðir játning Gísla ekki til þess að fréttir voru settar út sem innihéldu fullyrðingar sem miðlarnir vissu að væru rangar? „Þetta er bara mjög klassískt ertu að reportera veruleikann eins og hann er, eins og hlutirnir gerast eða ertu að taka afstöðu eða hvað ertu að gera. Þeir segja bara frá því sem hann er að segja. Ég ímynda mér að það sé þeirra vörn.“

- Stenst sú vörn ef þú veist að einhver



Birgir Guðmundsson, dósent við Háskólann á Akureyri.

er að ljúga? „Já, ég myndi halda það. Ég myndi ekki vilja dæma þá út frá því. Hver er þá valkosturinn? Valkosturinn er þá með einhverjum hætti að upplýsa hver þetta er eða þá að neita að birta þetta. Hvers vegna ættu þeir að neita að birta þetta? Þá ertu raunar að gefa upp upplýsingar um heimildamanninn.“

- Hvað með það að miðlarnir verði að halda uppi áskorunum gegn fullyrðingum sem þeir vita að eru rangar, sökum þess að trúnaðurinn er við lesendur? „Þú ert líka að villa um fyrir fólki með því að segja ekki frá. Þú veist hvar lak, eða breytti - það er ekki alveg rétt að tala um leka hér vegna þess að hann bætti við skjalið. Sá sem lét þig fá þessar upplýsingar verður að vita að þú munt virða þann trúnað að gefa ekki upp hver hann er. Þá ertu auðvitað um leið og umræða byrjar í líkingu við þá sem hefur fylgt þessu máli, að villa um fyrir lesendum. Hér kom fram sú krafa að þeir myndu upplýsa hver þetta væri. Fjölmiðlar eru alltaf í þessu dilemma.“

## Húsbóndavald sannleikans

Árið 1997 hóf Blaðamenskustofa PEW rannsóknarmiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum að skoða breyttar áherslur í blaðamennsku og áhrif tæknivæðingar á störf blaðamanna. Í kjölfar þriggja ára samantektar og viðtala við blaðamenn setti PEW saman lista yfir meginreglur blaðamenskunar. Efst á lista er trúnaður við sannleiksgildi fréttanna. Það skal áreitt að í sannleikur blaðamennsku er ekki af sama uppruna og heimspeki-leit að sannleikanum né er hann algildur sannleikur í anda raunvísinda. „Sannleikur blaðamenskunar eru vinnubrögð sem hefjast á faglegri upplýsingaöflun og samantekt á staðreyndum sem má sannreina. Hefst þá sú vinna að færa lesendum áreiðnalega framsögn af þýðingu upplýsinganna. Það er þá meiningu sem á við hér og nú en kann að vera uppfærð síðar.“ Besta fánalega útgáfan af sannleikanum.

## Vernd heimildamann trompar

Birgir segir að fjölmiðlar verði að virða vernd heimildamanna. Hann segir að fjölmiðlar verði einfaldlega að forgangsraða hagsmunum og að verndin við heimildamenn verði að vera því sem næst algild.



Ólafur Stephensen, fyrrverandi ritstjóri Fréttablaðsins.



Gísli Freyr Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmaður Hönnu Birnu.

- Er hægt að réttlæta þessa forgagnsröðun ef afleiðing er sú að þú villir um fyrir almenningi og ert meðvitaður um það? „Já ég hefði gert það sjálfur satt að segja,“ segir Birgir. „Þetta prinsipp verður að geta haldið, óháð einhverju tilteknu dæmi. Heimildamenn verða að treysta að þetta sé nánast bara universal-regla. Það séu hinir stóru hagsmunir fyrir almannaheill til lengri tíma og í stóra samhenginu.“

Þótt alltaf hafi verið til fólk sem hafði atvinnu af því að spinna og tryggja góða mynd yfirvalda og hagsmunaaðila hefur iðnaður almannatengla og upplýsingafultrúa margfaldast frá því seint á áttunda áratugnum. Auglýsingaiðnaðurinn ræður til sín vel menntað fólk og oft vana fréttamenn og ritstjóra sem þekkja vel til vinnubragða fjölmiðla og um leið veikleika miðlanna.

- Í ljósi þessarar þróunar; eru fjölmiðlar ekki í meiri hættu en áður á að verða meðsekir í um að villa um fyrir almenningi og er ekki meiri hættu á að veikleikar þessa lögmála blaðamenskunnar verði nýttir af spuna-meisturum? „Stutta svarið er bara jú, svo sannarlega,“ segir Birgir og bætir við að einmitt þess vegna reyni frekar á að blaðamenn nálgist vinnuna sína sem fag og að þeir sannreyni upplýsingar sem þeim eru afhentar.

## Staðreyndir mála

Innan fags blaðamennsku er umræðan um það hvort nóg sé að greina aðeins frá staðreyndum án þess að setja þær í samhengi og sannreyna ekki ný. Árið 1947 kom Hutchins-skýrslan, skýrð eftir Róbert Hutchins heitins, forseta Chicago Háskóla.

## VIÐ PRENTUM



Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna • Bæklinga • Kynningarefni • Dagblöð  
Fjölóstur • Stafræn prentun • Allskonar!

ÍSAFOLDAR  
PRENTSMIÐJA



Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | [www.isafold.is](http://www.isafold.is)





Atli Þór Fanndal



Joseph McCarthy ofsótti vintrafólk í Bandaríkjunum á eftirstriðs árunum.

Hutchins-skýrslunni var ætlað að bera kennsl á ábyrgð fjölmiðla í lýðræðisþjóðfélögum. Í skýrslunni var könnuð ábyrgð og hlutverk fjölmiðla sem fjórða stoð valdsins. „Það eru engar staðreyndir án samhengis,“ segir í skýrslunni. „Nú tíminn krefst meiri fyrirhafnar en áður af hálfu blaðamanna. Þeir verða í meira mæli en áður að leggja sig fram að greina muninn á staðreyndum og skoðunum.“ Þá segir í skýrslunni: „Það að greina aðeins frá staðreyndum einangruðum frá samhengi getur í sjálfu sér verið hálsannleikur, sama hversu sönn fullyrðingin kann að vera. Það getur um leið verið í sjálfu sér villandi og um leið ósatt.“



Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra neitar að víkja úr stóli ráðherra.

### McCarthy og fjölmiðlar

Morgunblaðið og miðlar 365 greindu þannig satt og rétt frá þeim fullyrðingum sem ráðherra og Gísli Freyr létu frá sér fara en gerðu það án áskorunar. Á McCarthy tímabilinu svonefnda, þegar vintra fólk var ofsótt í Bandaríkjunum, var það einmitt ein helsta vörn bandarískra blaðamanna - miðlarnir greindu aðeins frá því sem McCarthy sagði. Phil Potter, blaðamaður Baltimore Sun, skapaði sér þannig orðspor meðal blaðamanna vegna afar gagnrýnna skrifna um McCarthy að lokinni yfirsetu á ræðum og fundum þar sem Joseph MacCarthy sakaði herinn, blaðamenn, löggæslu, menningarlíf

ásamt öðrum samfélagsstofnunum um að vera þéttsetinn kommúnískum flugumönnum. Seinna reif hann blöðin í sundur og hóf sína vinnu - að skrifa það sem þingmaðurinn sagði án greiningar eða gagnrýni. Potter varð frægur með endumum meðal blaðamanna og kollega fyrir að halda því opinskátt fram að starf fjölmiðla hlyti að vera að skýra frá því hvaða mann McCarthy hefði að geyma. Flestir blaðamenn töldu Potter einfaldlega hafa of sterkar skoðanir á málinu og af þeim sökum ekki nægilega hlutlægan. „Kollegar Potter trúðu margir á hlutlægni sem gerði lítinn greinarmun á staðreyndum og sannleika. Það er staðreynd að

### Eitt dæmi

Í maí gerði Morgunblaðið mikið úr þeirri staðreynd að skjalið hefði verið vistað á opnu drifi. Það átti um leið að leiða til þess að allir starfsmenn væru undir grun vegna málsins. Morgunblaðið birtir um leið brot úr tilkynningu ráðuneytisins þar sem talað er um að vinnureglum við vistun gagna hafi verið breytt til að tryggja öryggi. Samhengi fréttarinnar er lekamálið. Ritstjórn hafði á þessum tíma vitneskju um að Gísli Freyr hefði lekið skjalinu. Með frétt sinni er starfsfólki ráðuneytisins brixlað um að hafa lekið trúnaðargögnum og brotið landslög. Þrátt fyrir að Morgunblaðið hafi vitað betur.

McCarthy sagði að kommúnistar hefðu komið sér fyrir í æðstu stöðum innan bandaríska hersins. Hann var um leið þingmaður og fullyrðingar hans því fréttæmar. Að þeim sökum töldu fréttamennirnir það einfaldlega ekki vera í þeirra verkahring að kanna hvort fullyrðingar hans stæðust kröfu um sannsögli,“ segir í bók David Halberstam, sagnfræðings og blaðamanns, The Powers Be. Halberstam er þekktastur fyrir fréttatvöng sinn af Vietnamstríðinu.

### Hrunið og fjölmiðlar

Raunar þarf ekki að leita til Bandaríkjana í leit að dæmi þar sem það

reyndist ekki í samræmi við hagsmuni samfélagsins að greina aðeins frá staðreyndum og fullyrðingum án samhengis. Þannig fjallar rannsóknarskýrsla Alþingis um þátt fjölmiðla í aðdraganda falls íslensku bankanna og hvort fjölmiðlar hafi staðið sína vakt. „Fjölmiðlar leika lykilhlutverk í lýðræðissamfélagi með því að upplýsa almenning, vera vettvangur þjóðfélagssumræðu og veita aðhald þeim öflum sem vinna gegn almannahag. Íslenskir fjölmiðlar náðu ekki að rækja þetta hlutverk í aðdraganda bankahrunsins. Þeir auðsýndu ekki nægilegt sjálfstæði og voru ekki vakandi fyrir hættumerkjum,“ segir í skýrslunni. Með sama skapi má benda á að fjölmiðlar fjölluðu vissulega um neikvæð merki í íslensku efnahagslífi en slíkt vakti lítinn áhuga. Hins vegar sýnir skýrslan að það er ekki nóg fyrir fjölmiðla að greina frá einstaka staðreyndum; þeirri staðreynd að einhver hafi sagt þetta eða hitt, ef samhengi fylgir ekki með.

Hvorki náðist í Kristínu Þorsteinsdóttur aðalritstjóra 365, Sigurjón M. Egilsson fréttaritstjóra Fréttablaðsins, Mikael Torfason fyrrverandi aðalritstjóra 365 né Harald Johannessen ritstjóra Morgunblaðsins.

Lyfjaval Álftamýri Opið 9-18 virka daga \* Lyfjaval Mjódd Opið 9-18:30 virka daga 12-16 laugard.

**Við bjóðum MediSmart Ruby blóðsykurmæla og strimla frítt fyrir þá sem eru með skírteini frá TR.**

- Mjög einfaldur í notkun, stór skjár, léttur og handhægur
  - “No coding” þarf ekki að núllstillja
- Þarf mjög lítið magn til mælinga, aðeins 0,6µl
  - Mælir blóðsykur á bilinu 1,1-35 mmol/L
    - Mæling tekur aðeins 5 sek.
  - Geymir 480 mælingar í minni
    - Hægt að tengja við tölvu



FAGLEG, TRAUST OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA

Fáðu lyfseðilinn sendan  
rafrænt í bílaapótekið



Ertu á hraðferð? Bílalúgan opin  
10-23 alla daga vikunnar.



NÝTT

Bílaapótekið Hæðasmára 4 Opið 10-23 alla daga \* lyfjaval.is



Það er alltaf gaman í Gaflaraleikhúsinu



**HEILI-HJARTA-TYPPI**

„Stórt Læk á þessa“  
frumsýningargestur

**Síðustu sýningar fyrir jóla**  
sunnudagur  
16. nóvember kl 17.00  
sunnudagur  
23. nóvember kl 20.00

**Miða pantanir**  
565 5900  
midi.is  
gaflaraleikhusid.is

**Frúardagur Menntaskólans í Reykjavík**  
sýnir  
söngleikinn **Leg** eftir Huggleik Dagsson

Frumssýning föstudaginn 14. nóvember kl. 20.00  
2 sýning sunnudaginn 16. nóvember kl 20.00  
3 sýning þriðjudaginn 18. nóvember kl 20.00



**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is




OKKAR BAKARÍ

**Skóðið úrvalið!**

**Flottar kökur í afmælið**

- Dóra og Diego
- Skylanders
- Bratz
- Spiderman
- Star Wars
- Hulk
- Disney prinsessur
- Monster High
- Tísku Barbie
- Litla hafmeyjan
- Strumpanir og margt fleira



lönbúð 2 Garðabæ 565 8070  
okkarbakari.is  
facebook.com/okkarbakari

## VIÐ OG UMHEIMURINN

# Íslendingar geta fylgt fordæmi Namibíu

„Mig langaði til að koma því til skila heim til Íslands sem ég upplifði og reyndi í Afríku“ segir Stefán Jón Hafstein sem hefur fyrir eign reikning gefið út bókina Afríka – Ást við aðra sýn. Sagt er frá ólíkum kynþáttum í jaðarbyggðum, lífsbaráttunni lýst þar sem fólk þarf að gera sér mikið úr litlu og ofinn þráður úr ýmsum áttum með myndum og texta sem saman varpa ljósi á töfra Afríku, hve óvæginn hún er og viðnámsþróttur fólksins mikill. Á milli kafla er skotið dagbókabrotum höfundar sem færa lesanda enn nær vettvangi, segir í kynningu.

Reykjavík vikublað birtir hér stuttan kafla úr bókinni sem ber yfirskriftina *Vernd* og er sá fyrsti í bókarhluta um náttúrugræsar í álfunni stóru:

„Framsýni sannar sig þegar maður lítur um öxl. Eins og óafturkræf mistök fylla mann sorg og reiði leyfir maður sér að blessa þá sem eitt sinn sáu lengra en sumum okkar er fært enn þann dag í dag. Fyrir rúmri öld var friðhelgi slegið á einhverjar fegurstu villidýralendur Afríku. Þar sem nú heitir Etosha í Namibíu og „náttúran nýtur vafans“ hvern einasta dag, þar sem villt dýr eiga réttinn og maðurinn er bara gestur sem fær að láta lítið fyrir sér fara.

[...]

Villidýralendurnar í Etosha eru eins ólíkar Íslandi og hægt er að hugsa sér. Þessi ótrúlegi grúi dýra og ógnarlegu andstæður. Ekki andstæður elda og ísa, heldur þurrka og vætu. Um þurrkatímann fer hitinn langt upp í fjörtutíu gráður. Stóra saltsléttan sem einkennir landið þornar upp og verður eins og bakarofn. Ekki stingandi strá. Dýrin þjappast saman kringum vatnsbólun sem halda þeim á lífi. Þegar svo hrannast upp skýjabólstrar og þéttast og dökkna yfir hvíttri sléttunni kemur lemjandi regn. Eins og hendi sé veifað verður allt grænt. Runnar, tré og graslendi blómgastr, fuglar syngja og endur svamla glaðhlakkalegar á flæðiengjum innan um flamengóa og storka. Allt er syngjandi svalt og ungvíðið kemur í heiminn til að spretta eins hratt og hægt er upp úr kafgresinu, í leyni fyrir rándýrum.

Eins ólíkt Íslandi og hægt er - í fleiri en einum skilningi. Hugsum um hálendið okkar sem er jafn víðáttu-

mikið og þetta verndarsvæði. Í stað þess að fylgja fordæmi Namibíu er draslaramenning á hálendinu. Engin heildarstefna í gildi. Þingvellir komast á heimsminjaskrá UNESCO og við leggjum hraðbraut í gegn.


Ethosa er vandlega afmarkað og girt, þangað fer enginn inn nema um ákveðnar leiðir gegnum mönnuð hlið. Ökutæki og fjöldi farþega er skráður. Hvergi má gista nema á mörkuðum svæðum sem tekin eru frá, þar bjóðast góð hótélherbergi með þægindum og þjónustu sem og tjaldstæði fyrir þá sem kjósa einfaldan kost.

Engir sjoppuskálar, að hrúni komnir bensínskúrar eða ruslgámar á víð og dreif. Allir verða að vera í náttstað fyrir sólsetur. Umferð er bundin við valda slóða, sums staðar bönnuð. Merkingar eru látlausar og falla vel að umhverfi, allir fá vandað kort sem sýnir það helsta og hvar má fara. Fólk fer bara úr bifreið á afmörkuðum hvíldarsvæðum og útsýnissstöðum. Ströng viðurlög gilda ef reglur eru brotnar. Hóflæg gjöld standa undir hluta kostnaðar.

Það veit sá sem víða hefur ratað að villidýralendur um sunnanverða Afríku eru óviðjafnanlegar. Upplifunin af því að ferðast innan um dýrin í náttúrulegu umhverfi er ekki himnesk heldur jarðnesk eins og best getur orðið.

Hér opinberast að heimurinn er fagur.

Að koma út í dagrenningu og sjá rándýrin læðast í skjól. Sjá blettatígra við termitahrauk og hitta villihundahjörð við moldarslóða. Reka augu í ljónahjörð undir tré, pakksödd á meltunni. Gapandi augntóftir af vísundi á afnögudum haus.



Tugir fíla þramma hljóðlaust gegnum skógarrjóður, 70 tonn þeir stærstu og yngstu kálfarnir vel varðir milli fóta sem eru gildir eins og trjábolir. Sjá litríka spörfugla á blómguðum greinum, perluhænur á vappi og hegra í tjörn. Mörg hundruð stökkhafra innan um lágvaxna runna og klíðmjúkur ómur fyllir loftið þegar þeir bita laufin.

Það veit sá sem víða hefur ratað að hér verður mannskepnan agndofa. Og trúleg þau orð Davids Attenboroughs að hvergi í heiminum setji Móðir náttúra á svið jafn stórbrotna sýningu og í Afríku.

Manneskja sem skynjar svona fegurð getur aldrei orðið annað en betri manneskja. Þá lifir maður fágætt augnablik og óskar þess heitt og innilega - ómeðvitað og ósjálfrátt - að allir menn fái einhvern tíman að lifa slíka stund.

Svona er Afríka.“

## Fjölmenningarþingið

Í dag, laugardag 15. nóvember, verður líf og fjör í ráðhúsi Reykjavíkur því þar verður haldið Fjölmenningarþing Reykjavíkur í þriðja sinn. Fjölmenningarþingið er vettvangur þar sem fólk hittist til að fjalla um málefni innflytjenda í víðu samhengi. Á þinginu verður hópavinna á tíu tungumálum þar sem menntamál, réttindabaráttu innflytjenda, húsnæðismál, móttaka nýrra Reykvíkinga, gagnkvæm aðlögun og ótal margt fleira verður rætt. Á þinginu verður líka kosið í fjölmenningarráð sem er ráðgefandi fyrir mannréttindaráð og stofnanir borgarinnar í málefnum innflytjenda. Dagskráin verður því fjölbreytt og skemmtileg og af nægu verður að taka.

Sá vettvangur sem Fjölmenningarþingið skapar, er kjörið tækifæri til að



Höfundur er **Líf Magneudóttir, formaður, Mannréttindaráðs Reykjavíkur**

hafa áhrif, styrkja tengslanetið, kynnst nýju fólki, fá hugmyndir og deila hugmyndum til að gera borgina betri á allan hátt. Þetta er líka vettvangur til að koma með ábendingar hvernig megi gera betur í þjónustu við innflytjendur og leysa ýmsar aðgangs-

hindranir sem þeir standa frammi fyrir. Ástæður manna sem flytja til nýs lands geta verið af margvíslegum toga en við sem hér búum eigum alltaf að sjá sóma okkar í því að taka vel á móti fólki, hvaðan sem það kemur og hverjar svo sem aðstæður þess eru.

Fjölmenningarþingið er einn angur af því viðhorfi sem á að vera ríkjandi, að innflytjendur og fjölmennings séu hluti af Reykjavík og samfélaginu öllu og er þingið viðleitni til að færa fólk saman úr ólíkum menningarkimurum til að ræða mál. Orð eru nefnilega til alls fyrst og það er mikilvægt að tala saman. Því langar mig að hvetja alla Reykvíkinga til að mæta í dag og taka þátt í skemmtilegu og fræðandi Fjölmenningarþingi í ráðhúsi Reykjavíkur sem hefst klukkan tíu. Sjáumst í ráðhúsinu!



# MILT

HREIN TILVERA

## ÁN OFNÆMIS- VALDANDI EFNA

Með því að nota mild þvottaefni eins og MILT, dregur þú úr líkum á því að þú eða einhverjir í þinni fjölskyldu fái ofnæmi eða exem.

**40 ÞVOTTAR  
Í 2 KG PAKKA**

Þú þarft minna af MILT því það er sérþróað fyrir íslenskt vatn.



FARÐU MILDUM HÖNDUM UM  
ÞIG, ÞVOTTINN OG UMHVERFIÐ



## MATARSÍÐA SVAVARS

svavar@islenskurmatur.is



Svavar Halldórsson

# Borðaðu þig um heiminn

Fátt er jafn skemmtilegt og fólk með einlæga matarástríðu. Aldrei leiðist manni í félagsskap þessa fólks enda eru umræðuefnin óþrjótandi. Hvað er þetta Sous Vide, getur virkilega hver sem er gert fullkomna nautasteik, hvernig ætli kokkalandslíðinu gangi o.s.frv. ? Oft ber eftirminnilega matarupplifun frá fjarlægum landi á góma, eða bara eitthvað dásamlegt og matartengt vestan af fjörðum eða sunnan við læk í Hafnarfirði. Yfirleitt eiga sælustu matarminningar það sameiginlegt að þær tengjast einhverri upplifun sem er sérstök, frumleg og hefur yfir sér áru hins upprunalega og ómengaða.

## Matarferðamennska

Samkvæmt rannsóknunum er það einmitt slík upplifun sem matarferðamenn sækja í. Matarferðamennska er ört vaxandi um allan heim og vísendingar eru um að von um ánægjulega matarupplifun skipti sköpum þegar áfangastaður er valinn, hjá allt að fjórðungi þeirra sem leggjast í ferðalög sér til ánægju. Þetta fólk nýtur annarrar menningar en þeirrar sem tengist mat, er umhugað um náttúruna og eyðir meiru á áfangastað. Um þetta hefur áður verið fjallað á þessum síðum - og eins það hversu lítið er gert til að lokka hluta af þessum hópi hingað til lands. Þó höfum við allt til alls í þessum efnum, en við þurfum samt sem áður að móta stefnu, setja okkur markmið og beina kröftum okkar inn á þessar brautir. Slíkt hafa frændur okkar á

Norðurlöndum gert með frábærum árangri. Við erum í raun með öll púslin en höfum ekki enn raðað þeim rétt saman.

## Matarferða-handbók

Þótt merkilegt sé hafa alþjóðavæðing og einsleitni aukid áhuga fólks á staðbundinni matarmenningu, hráefni úr héraði og því sem er einstakt og sérstakt í veitingastaðafloðu heimsins. Slow Food er auðvitað áberandi hluti af þessu en matarblogg og matarferða-handbækur eru önnur birtingarmynd. Eitt merkilegasta matarblogg þessarar tegundar heitir Eat Your World, eða Borðaðu þig um heiminn, eins og hægt væri að íslenska það. Á bak við síðuna stendur þar, Laura Siciliano-Rosen og Scott Rosen. Þau ferðast og borða, skrifa, taka myndir og deila með



lesendum sínum því sem þau verða áskynja. Sér til fulltingis hafa þau svo her sjálfbóðaliða sem vinnur í anda þeirra og leggur til efni. Tilgangurinn er að búa til leiðarvísi um staðbundinn mat og drykk um alla veröld.

## Hefur vakið mikla athygli

Á fáeinum árum hafa þau náð undra-verðum árangri. Vefsíðan þeirra, [www.eatyourworld.com](http://www.eatyourworld.com), hefur vakið mikla athygli. Um hana hefur verið fjallað í ýmsum fjölmiðlum, bæði þeim sem



Scott og Laura hafa ferðast um heiminn til að smakka á kræsingum um víða veröld og miðla þekkingunni af elju.

Mynd: [www.eatyourworld.com](http://www.eatyourworld.com)

einkum einkum snúast um mat eða ferðalög, en líka í stórböðum á borð við New York Times. Aðsóknin að síðunni er gríðarlega mikil og það virðist áhugi fyrir hugmyndafræði þeirra Lauru og Scotts, að það hvað maður borðar, eigi að ráðast af því hvar maður er. Það mætti nánast segja að þau séu í einskona helgri leit að besta mat og drykk á hverju svæði í heiminum - og vilji svo deila þessum upplýsingum með lesendum sínum á sem aðgengilegastan hátt. Við þetta njóta þau svo aðstoðar fjölmargra sem leggja síðunni til ljósmyndir og efni.

## Matarástríða

Matarblaðamaður tekur undir með þeim Lauru og Scott, því það er engin betri leið til að kynna menningu og sögu landa eða svæða... en í gegnum matinn á svæðinu. Hann varð þeirrar ánægju aðnjótandi nýlega að eyða með þeim síðdegi í Bronx hverfinu í New York, nánar tiltekið í Litlu-Ítalíu (sem

innfæddir kalla hina sönnu Litlu-Ítalíu til aðgreiningar frá túristaútgáfunni á Manhattan). Heillandi var að heyrja þau tala um tengsl hefðbundins matar og matarhefða við menningu, landslag, loftslag og svo margt fleira. Þau tala af sömu ástríðu og þau halda úti þessari frábæru síðu. Einlægur áhugi á mat og drykk, menningu og sögu hefur drifið þau áfram. Allt er þetta að mestu gert í sjálfböðavinnu, en þeim hefur tekist að skapa einn besta matar- og ferðavef í heimi. Rúsinan í pylsuendanum er sú að hægt er að hlaða niður á fartölvuna, lesbrettið eða snjallsímamann, matarleiðarvísi um fjölmörg svæði og borgir. Matarblaðamaður hvetur alla þá sem eru á leið til útlanda, hvort sem er til Danmerkur, Tyrklands, Bandaríkjanna, Mexíkó, Indónesíu eða annarra staða, til að skoða vefinn þeirra Lauru og Scotts, [www.eatyourworld.com](http://www.eatyourworld.com). Það er nokkuð góð ávísun á að ferðalagið verði enn betra.

## NÝ SENDING AF SÓFASETTUM



Teg. Giulia 3 - 1 - 1 og 3 - 2 - 1 leður.

**NÝFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Reykjavíkurveg 66 220 Hafnarfirði sími 565 4100

## Kynna afraksturinn

Í fyrsta sinn í fjölda mörg ár útskrifast frá Upplýsingatækniskólanum nemendur í gamalgrónu iðngreinunum bókbandi og prentun. Fram kemur í fréttatilkynningu að útskriftarnemar í grafískri miðlun, ljósmyndun, prentun og bókbandi í Upplýsingatækniskólanum verða með nemendasýningu í dag, laugardaginn 15. nóvember, milli kl. 13:00 og 15:00. Sýningin er haldin í sal



Vörðuskóla við Skólavörðuholt í Reykjavík og er gengið inn frá Barónsstíg.



# Félagsfundur VGR

VGR boðar til opins félagsfundar þriðjudaginn 18. nóvember klukkan 20.00. Fundarefni eru verkfallsmál og framvinda kjaramála á vinnumarkaði. Fundurinn er haldinn í nýju þjónustumiðstöðinni á tjalldstæðinu í Laugardal.

Fundarstjóri er Sjöfn Ingólfssdóttir, fyrrverandi formaður Starfsmannafélags Reykjavíkur og varaformaður BSRB.


Fulltrúar tónlistarkennara, lækna og prófessora fara yfir þau verkföll sem nú standa yfir og þau sem eru boðuð fljótlega, og horfur í samningaviðræðum. Svandís Svavarsdóttir alþingismaður mun einnig taka þátt í umræðum.

Hvetjum alla til að mæta  
Stjórn VGR



VINSTRÍ GRÆN





# TVENNU TILBOÐ

ÞÚ SÆKIR PIZZU OG STÓRAN SKAMMT AF BRAUÐSTÖNGUM,  
OSTAGOTT EÐA KANILGOTT OG FÆRÐ AÐRA PIZZU  
SÖMU STÆRÐAR AÐ AUKI.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

📞 SÍMI 58 12345 📱 DOMINO'S APP 🌐 WWW.DOMINOS.IS





## BAKSÍÐAN

Magnús Sveinn Helgason



## Réttarríkið og hlutverk fjölmiðla

Fátt lýsir sennilega lekamálinu betur en orð Hönnu Birnu Kristjánsdóttur: Það var ljótur pólitískur leikur.

Glæpurinn var nefnilega pólitískur. Markmið lekans var ekki ást Gísla Freys Valdórssonar á opinni umræðu eins og hann vill vera láta (af hverju þá að bæta hreinum lygum í hið lekna minnisblað?), heldur að sverta málstað hælisleitanda og fólks sem hefur barist fyrir réttindum þeirra. Enda var minnisblaðinu lekið kvöldið fyrir mótmæli NoBorders við innanríkisráðuneytið. Lekinn var innlegg í þau mótmæli.

Glæpur Gísla Freys fólst því í misbeitingu á valdi ráðuneytisins, og um leið misnotkun á fjölmiðlum, til að dreifa lygum og rógi í mjög svo vafasömum pólitískum tilgangi.

Hlutur fjölmiðla í lekamálinu er nefnilega mjög merkilegur. Vitaskuld áttu fjölmiðlar að sinna hlutverki sínu sem fjórða valdið betur. Hlutverk þeirra er að veita stjórnvöldum aðhald, t.d. að koma í veg fyrir að ráðherrar og pólitískir aðstoðarmenn þeirra misbeiti valdi sínu.

Um leið veitir framganga Hönnu Birnu og aðstoðarmanna hennar í þessu máli eina skýringu á því af hverju fjölmiðlar hafa ekki sinnt þessu hlutverki betur. Hanna Birna vann kerfisbundið að því að gera alla sem fjölluðu um málið tortryggilega. Hún gróf undan trúverðugleika Ríkissaksóknara og Umboðsmanns Alþingis. En ekki sist fjölmiðla.

Hún marglýsti því yfir að fjölmiðlaumfjöllun um málið væri sprottin af annarlegum hvötum og gekk svo langt að þrýsta á að blaðamennirnir sem fjölluðu um málið yrðu reknir. Steininn tók úr þegar annar pólitískur aðstoðarmaður hennar, Þórey Vilhjálmsdóttir, kærði blaðamennina og krafðist fangelsisdóms yfir þeim.

Þegar blaðamenn eiga slíkt yfir höfði sér þegar þeir fjalla um lögbrot á vakt ráðherra er skiljanlegt að þeir veigri sér við gagnrýna umfjöllun og láti sér krana-blaðamennsku nægja. En ef lekamálið kennir okkur eitthvað er það mikilvægi rannsóknarblaðamennsku og mikilvægi þess að stjórnvöld beri virðingu fyrir blaðamönnum og hlutverki þeirra sem fjórða valdsins.

VÖRUGJÖLD AFNUMIN

# FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

## ORMSSON HEFUR AFNUMIÐ VÖRUGJÖLD Í ÖLLUM VERSLUNUM SÍNUM FYRSTIR ALLRA

Vegna niðurfellingar vörugjalds hafa öll helstu heimilistækin lækkað í verði um **17%** og sjónvörp, hljómtæki og annað um **20%**.

MÍNUS 20%



### SAMSUNG

UE32/40/48H5005  
LED SJÓNVARP · 100 Hz.  
Full HD 1920x1080p · Mega skerpa · Afspilun USB:  
kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist · Sjónvarpsmóttakari:  
Digital DVB-T2

**32"** 87.920 áður 109.900  
**40"** 111.920 áður 139.900  
**48"** 151.920 áður 189.900

MÍNUS 20%



### SAMSUNG

UE48H6675  
LED SJÓNVARP · 600 Hz. · Full HD 1920x1080p  
3D · SMART TV · Gervihnatta móttakari · Micro  
Dimming · Gervihnatta móttakari

**48"** 229.920 Verð áður 287.400

MÍNUS 20%



### SAMSUNG

UE32/40/55/65H6475  
LED sjónvarp · 400 CMR (rið)  
3D · smart TV með þráðlausu neti.

**32"** 119.920 áður 149.900  
**40"** 151.920 áður 189.900  
**55"** 279.920 áður 349.900  
**65"** 519.920 áður 649.900

MÍNUS 20%



### SAMSUNG

UE46/55/65H8005  
LED SJÓNVARP · 1000 Hz. · Full HD  
1920x1080p SMART TV · CURVED

**46"** 399.920 áður 499.900  
**55"** 495.920 áður 619.900  
**65"** 719.920 áður 899.900

### SAMSUNG

SOUNDBAR  
310W og þráðlaus tenging við síma  
eða tölvu. Til í svörtu og silfur.

HWH550  
**111.920** áður 139.900

HWH751  
310W og þráðlaus tenging  
við síma eða tölvu.  
**151.920** áður 189.900

HWH7501  
310W og þráðlaus tenging  
við síma eða tölvu.  
**151.920** áður 189.900

## EKKI EFTIR NEINU AÐ BIÐA

Við höfum náð samningum við okkar helstu birgja, sem gerir okkur mögulegt að afnema þessi gjöld nú þegar. Fólk þarf því ekki að biða eftir nýju ári til að gera hagstæð innkaup fyrir heimilið, heldur getur þú nú komið í verslanir ORMSSON um allt land og fengið umtalsvert meira fyrir peninginn en áður.

SAMSUNG  
SETRIÐ

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

ORMSSON

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900 · ormsson.is  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 12-16

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is  
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 10-18 · LAUGARDAGA KL. 11-15

LOFTVERKFAERIS

Mikið úrval af hand-  
og loftverkfærum  
fyrir verkstæði.

-- sjá netverslun --

